

Ed. 349. Frumvarp til laga [181. mál]

um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmalaflokka.

Flm.: Stefán Jónsson, Oddur Ólafsson, Jón Árm. Héðinsson,
Steingrímur Hermannsson.

1. gr.

Íslenskum stjórnmalaflokkum er óheimilt að taka við gjafafé eða öðrum fjárhagslegum stuðningi til starfsemi sinnar héraendis frá erlendum aðilum.

2. gr.

Lög þessi taka til stjórnmalaflokka og félagasamtaka þeirra, svo og til hvers konar stofnana, sem starfa á þeirra vegum, beint eða óbeint, þ. á m. blaða.

3. gr.

Bann það, sem felst í 1. gr. þessara laga, nær til hvers konar stuðnings, sem metinn verður til fjár, þ. á m. til greiðslu launa starfsmanna eða gjafa í formi vörusendinga.

4. gr.

Erlendir aðilar teljast í lögum þessum sérhverjar stofnanir eða einstaklingar, sem hafa erlent ríkisfang, hvort sem þeir eru búsettir hér á landi eða ekki.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að tíu milljónum króna og varðhaldi, ef sakir eru miklar.

Fjármagn, sem af hendi er látið í trássi við lög þessi, skal gert upptækt og rennur til ríkissjóðs.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að dómi flutningsmanna er æskilegt að sett verði sérstök löggjöf um starfsemi stjórnmalaflokka á landi hér, þar sem m. a. verði kveðið á um skyldur þeirra til opinberra reikningsskila, og verði þar að sjálfsögðu reistar skorður við því, að erlendir aðilar geti náð á þeim fjárhagslegum tókum. Sérstök þingnefnd, skipuð fulltrúum allra flokka, vinnur nú að undirbúningi þess máls, sem er allmikið og vandasamt verk.

Orsök þess, að flutningsmenn flytja nú þetta sérstaka frumvarp, sem varðar einn þátt málsins, er hins vegar sú, að upp komst nú í vetur og liggur fyrir játning eins stjórnmalaflokks, Alþýðuflokksins, að hann hafi leitað fjárframlaga erlendis frá og fái nú þaðan peninga til þess að kosta útgáfu blaðs síns og standa straum af annarri stjórnmalastarfsemi á landi hér. Skiptir hér ekki máli að dómi flutningsmanna þótt gjafafé þetta sé sótt til Norðurlanda. Þarf ekki að rökstyðja það álit í greinargerð því alls ekki verður við það unað, að neinir erlendir aðilar fái að gera út stjórnmalaflokka á Íslandi.